

Matís ohf.
Guðmundur Óli Hreggviðsson
Vínlandsleið 12
113 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. júlí 2015
Tilvísun: 2015020048/50.4.4
Verknúmer: 1090000

Efni: Leyfi að senda hitakærar örverur til rannsókna við háskólann í Starthclyde

Orkustofnun vísar til umsóknar MATÍS, dags. 13. febrúar sl., þar sem óskað er leyfis til að senda hitakærar örverur til þriðja aðila í rannsóknarsamstarfi, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglna nr. 234/1999.

Með vísan til 34. gr. laga 57/1998 um rannsóknir og nýting á auðlindum í jörðu og tilheyrandi reglna nr. 234/1999 skal Orkustofnun veita leyfi til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum að höfðu samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Með bréfi stofnunarinnar dags. 16. febrúar sl. var óskað að umsagnar ráðuneytisins um umrædda leyfisumsókn fyrir 13. mars sl. Tekið var fram að Náttúrufræðistofnun Íslands færi með eftirlit með rannsókn og nýtingu samkvæmt 34. gr. laga 57/1998. Matís hefur almennt rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna á örverum sbr. leyfi Orkustofnunar 15.08.2013.

Umsögn ráðuneytisins, dags. 8. þ.m. hefur í dag borist Orkustofnun, meðfylgjandi, þar sem fram kemur að erindið hafi verið sent Náttúrufræðistofnun Íslands og að ráðuneytið hafi kynnt sér umrædda umsókn auk afstöðu Náttúrufræðistofnunar þar sem áhersla er lögð á að MATÍS þurfi m.a. að ganga frá samningi við stofnunina um lögbundið eftirlit og skil á upplýsingum og gögnum í samræmi við ákvæði laga nr. 58/1997 og reglur nr. 234/1999 áður en til útflutnings kemur. Ráðuneytið bendir einnig á ákvæði um útflutning náttúruminja í lögum 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands. Að öðru leyti er ekki gerð athugasemd við erindið.

Í ljósi ofanritaðs veitir Orkustofnun hér með MATÍS umbeðið leyfi, til að senda erfðaefni þeirra tegunda sem tilgreindar eru í umsókninni til útflutnings og rannsókna á vegum háskólans í Starthclyde, að því gefnu að umræddur samningur MATÍS liggi fyrir við Náttúrufræðistofnun Íslands, sem er forsenda leyfis þessa.

Leyfi þetta tekur ekki til nýtinga á viðkomandi erfðaefnum, enda þarf til þess sérstakt leyfi Orkustofnunar.



Skúli Thorodðsen

Virðingarfyllst
f. h. orkumálastjóra



Þórarinn Sveinn Arnarson

Afrit sent til:
Náttúrufræðistofnun Íslands

Fylgiskjöl:
Umsögn UAR dags. 8.7.2015.

ORKUSTOFNUN			
	Skjalasafn		
Dags. mótt.	13.02.2015	Abm.	70
Málsnúmer	2015020048	Aðrir	074
Skjalalykill	504.4	---	114
Verknúmer	109000	Trúun.	V
Fskj./ath.		Afrít til	



Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduncyti.is

Reykjavík 8. júlí 2015
Tilv.: UMH15020068/10-01

Efni: Hitakærar örverur til rannsókna

/>. Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 16. febrúar sl. það sem óskað er eftir samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um umsókn Matís um leyfi til þess að senda sýni af hitakærum örverum úr landi til rannsóknarstofu háskólangs í Starthclyde, Glasgow, til frekari rannsókna.

Erindið var sent til umsagnar til Náttúrufræðistofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga nr. 169/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu. Stofnunin kveðst ekki sjá ástæðu til þess að leggjast gegn því að heimilað verði að Matís sendi þriðja aðila sýni af tilgreindum fjórum tegundum örvera úr tveimur söfnunum stofnunarinnar. Náttúrufræðistofnun bendir hins vegar á að Matís hafi ekki gengið frá samningi við stofnunina um lögbundið eftirlit og upplýsingagjöf skv. lögnum og reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra og leggur til að það verði gert áður en til útflutnings rannsóknarefnisins kemur.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur kynnt sé gögn málsins og tekur undir ábendingu Náttúrufræðistofnunar Íslands um að Matís þurfi að gang frá samningi við stofnunina um lögbundið eftirlit og skil á upplýsingum og gögnum um rannsóknirnar í samræmi við lögini og reglur nr. 234/1999 áður en til útflutnings kemur. Ráðuneytið bendir jafnframt á ákvæði um útflutning náttúruminja í lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur.

Að uppfylltum framangreindum atriðum telur umhverfis- og auðlindaráðuneytið ekkert því til fyrirstöðu að leyfi verði veitt til útflutnings og rannsókna á vegum háskólangs í Starthclyde á erfðaefni þeirra fjögurra tegunda örvera sem tilgreindar eru í umsókninni. Ráðuneytið bendir á að rannsóknaleyfi Matís nái ekki til nýtingar erfðaefnis viðkomandi tegunda og að komi til nýtingar þess þurfi að sækja um leyfi og að í því ferli þurfi að hafa í huga og taka tillit til ákvæða samningsins um líffræðilega fjölbreytni um nýtingu og skiptingu hagnaðar af nýtingu erfðaauðlinda.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurður Á. Þráinsson
Sigurður Á. Þráinsson

Guðríður Þorvarðardóttir
Guðríður Þorvarðardóttir